

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Selár í Selárdal.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Selár í Selárdal. Heimili þess og varnarþing er á Vopnafirði, Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Selá neðan foss við Selsárós, en þær eru: Hámundarstaðir I, Hámundarstaðir II, Hámundarstaðir III, Hámundarstaðir IV, Hvammsgerði, Hróaldsstaðir I, Hróaldsstaðir II, Áslaugarstaðir, Leifsstaðir, Þorvaldsstaðir, Hamar, Mælifell, Hauksstaðir, Rjúpnafell, Fremri-Hlíð, Ytri-Hlíð, I, Ytri-Hlíð II, Vakursstaðir I, Vakursstaðir III, Fagurhóll, Lýtingsstaðir, Breiðamýri, Fremri-Nýpur, Ytri-Nýpur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og auka fiskgengd á félagssvæðinu, og leigja allt svæðið eða hluta þess til stangveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í ágústmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Fram að 15. sept. 1976 fara landeigendur neðan laxastiga með leigusamning fyrir það svæði, og úthluta arði af því. Fram að 15. sept. 1975 fara þeir Oddur Ólafsson og Gústaf Þórðarson með leigusamning fyrir svæðið ofan laxastiga.

9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKTIR
fyrir Alþýðubankann hf.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk.

1. gr.

Félagið heitir Alþýðubankinn hf., og er það nefnt Alþýðubankinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu, samkvæmt heimild í lögum nr. 71/1970 um Alþýðubankann hf. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum hinn 12. nóvember 1970 samþykkt yfirtökuna.

2. gr.

Heimili Alþýðubankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík, Auk aðalskrifstofunnar getur stjórn félagsins, er nefnist bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn umboðsskrifstofur og útibú, samanber þó 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961 um Seðlabanka Íslands.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að efla menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og treysta atvinnuöryggi launafólks á Íslandi.

II. KAFLI

Um hlutafé Alþýðubankans.

4. gr.

Hlutafé Alþýðubankans er kr. 40 000 000.00. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 34. grein. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjáreign